

Skipulagsstofnun umsögn

Til : Norðurþing <nordurthing@nordurthing.is>
Frá : Berglind Sigurðardóttir <berglind.sigurdardottir@skipulag.is>
CC : Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdís@nordurthing.is>
Heiti : Skipulagsstofnun umsögn
Málsnúmer : 202205062
Málsaðili : Rifós hf.
Skráð dags : 26.10.2022 00:00:00
Höfundur : Berglind Sigurðardóttir <berglind.sigurdardottir@skipulag.is>
Viðhengi [image001.jpg](#)

Góðan dag

Norðurþing hefur með erindi, dags. 19. september 2022 sent Skipulagsstofnun tillögu að breytingu að deiliskipulagi Fiskeldisstöðvar Rifós að Lóni, Kelduhverfi.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingunni var samþykkt til auglýsingar í sveitastjórn Norðurþings þann 18. ágúst 2022 og er kynningartíminn til 3. nóvember 2022.

Í tillögunni felst eftirfarandi að byggingarreitur C stækkar og lengist um 40 m til suðurs og verður möguleiki á að koma fyrir húsi (yfir ker) við hliðina á núverandi húsi. Bætt er við nýjum byggingarreit (H) þar sem heimilt er að byggja allt að fimm starfsmannahús á einni hæð og er hámarks grunnflötur hvershús er 100m². Innan byggingarreits F breytast skilmálar um vegg hæð, mænishæð og hámark byggingarmagns eykst.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að þau lýsi skipulagsáformum tillögunnar ágætlega en bendir á eftirfarandi atriði sem þarf að skýra nánar:

- Skýrt þarf að vera í tillögunni hvort um sé að ræða varanlega bústaði /íbúðir fyrir starfsmenn stöðvarinnar eða tímabundnar starfsmannaíbúðir sbr. gr. 5.3.2.10. gr. Sjá einnig reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002
- Bent er á að áður en deiliskipulagið getur tekið gildi þarf að liggja fyrir undanþága frá skipulagsreglugerð vegna fjarlægðar byggingareits (H) frá stofn- tengivegum sbr. gr. 5.3.2.5, lið d. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, fjarlægð frá stofn- tengivegum.
- Gera þarf grein fyrir hvað núverandi hús yfir ker innan byggingarreits C er stórt, og hvað sé heimilt að byggja við mikið við það. Gera þarf grein fyrir heildarbyggingarmagni innan reitsins.

Með kveðju,

Berglind

Berglind Sigurðardóttir

Sérfræðingur, svið deiliskipulag / Specialist, Neighbourhood and Site Planning

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

Sími 5954100, Fax 595 4165

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

berglind.sigurdardottir@skiplag.is

www.skiplag.is

www.facebook.com/skiplagsstofnun

